

SvAust

Stjórnarfundur haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs 14. september 2018 kl. 11:15.

Mættir voru: Einar Már Sigurðarson, Björn Ingimarsson, Jóney Jónsdóttir sem ritar fundargerð. Einnig sátu fundinn Jódís Skúladóttir verkefnastjóri og Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Formaður setti fundinn.

1. Störf nefndar landshlutasamtakanna KPMG skýrsludrög

Jóna Árný sagði frá starfi starfshóps sem skoðar almenningssamgöngur í landinu. Skýrsludrög frá KPMG voru lögð fram til kynningar. Farið var yfir tölur yfir rekstrarniðurstöðu almenningssamgangna 2017 og tölur sem starfshópurinn hefur sent til kynningar. Ekkert liggur fyrir um niðurstöður samræðna við ráðuneytið. Sent verður erindi til starfshópsins og beðið um stöðu mála og tímalínu á aðgerðum ásamt því hvort að ljóst sé hvernig Vegagerðin bregst við þegar samningar renna út. Ef ekkert breytist þarf fyrir 1. október að senda bréf á aksturaðila þar sem þeim er gerð grein fyrir stöðunni varðandi að samningur við Vegagerð ríkisins rennur út 31. desember. Í bréfinu verður einnig farið fram á fund með akstursaðilum og stjórn SvAust.

2. Fjárlög – almenningssamgöngur

Aukning til almenningssamgangna í frumvarpi til fjárlaga er 161,3 mkr.

3. Umsýslukostnaður verkefna.

Verkefnastjóri sagði frá að fljótlega verði fundur með starfsmönnum Fjarðabyggðar um umsýslu og kostnað og umfang hennar.

4. Curron, staðan og framhaldið

Verkefnastjóri sagði frá að gott samstarf hefði verið við Curron og nú væri verið að fara yfir samskipti og skipulag á milli Curron og SvAust. Senda þarf Curron bréf varðandi hugsanlega breyttar aðstæður um áramót vegna uppsagnar samnings við Vegagerðina. Rætt var um aðra hugsanlega valkosti og samanburð við Curron.

5. Bréf til samgönguráðherra um almenningssamgöngur.

Bréf sem Eyþing sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vegna stöðu verkefnisins um almenningssamgöngur var lagt fram til kynningar ásamt bókun stjórnar SSA frá fundi 6. september.

6. Önnur mál.

6.1 Verkefnastjóri sagði frá samstarfi við VA vegna almenningssamgangna. Óbreytt staða verður í vetur.

6.2 Rætt var um mikilvægi þess að bílarnir séu merktir sem almenningsvagnar svo viðskiptavinirnir þekki þá og að ljóst sé hvar stoppistöðvar eru. Sérstaklega er þetta mikilvægt á sumrin.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður á skrifstofu Fjarðabyggðar 9. október kl. 9:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.

Einar Már Sigurðarson

Björn Ingimarsson

Jóney Jónsdóttir
